

Skýrsla um innra mat

Reykjahlíðarskóli og Leikskólinn Ylur 2023

Inngangur	2
Ytra mat	3
Starfsáætlun um innra mat	5
Niðurstöður mats	5
Nám og kennsla	6
Stjórnun og fagleg forysta	8
Innra mat	9
Heildarniðurstaða innra mats - myndræn	9
Umbótaáætlun skólaársins 2022 - 2023	11

Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni innra mats í Reykjahlíðarskóla á árinu 2022 - 2023.

1. Staða gagnvart ytra mati
2. Helstu matsþættir
 - Stjórnun og fagleg forysta (faglegt samstarf og tengsl við foreldra og aðra í samfélaginu)
 - Nám og kennsla (áhersla ársins 2022-2023)
 - Innra mat
3. Skýrslu lýkur með umbótaáætlun

Nú í lok skólaársins 2022-2023 er staðan þannig að búið er að endurskoða alla þætti innra mats skólans og setja gæðaviðmið um þá sem og aðra þætti skólastarfsins fyrir bæði leik- og grunnskóla. Í þessari skýrslu er í fyrsta sinn tekið saman innra mat leikskóla og grunnskóla undir forystu sama skólastjóra. Markmiðið er að næsta vetur verði innra mat leikskólans þróað enn frekar og í henni verði einnig varpað ljósi á skólaprófil leikskólans. Næsta vetur verður unnið áfram með gæði náms og kennslu á grunnskólastigi sem og uppeldis- og menntunar í leikskóla. Í skýrslunni er tekið saman helsta mat skólaársins og borið saman við þau gæðaviðmið sem liggja til grundvallar. Nú stendur yfir gerð skólastefnu sveitarfélagsins og í kjölfar hennar verða gæðaviðmiðin endurskoðuð og í þau sett markmið nýrrar skólastefnu.

Matsteymi Reykjahlíðarskóla og leikskólans Yls

Anna Sigríður Sveinbjörnsdóttir

Bylgja Dögg Sigurbjörnsdóttir

Sigríður Sigmundsdóttir

Sólveig Jónsdóttir

Ytra mat

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólastarfi í Reykjahlíðarskóla á vorönn 2019. Ytra mat er mikilvægt tæki fyrir leik- og grunnskóla til að skólasamfélagið geti áttað sig á því hvar styrkleikar skólastarfsins liggja og hvert skal halda, [skýrsluna má sjá hér](#). Hér að neðan er staða skólans eins og hún birtist í skýrslunni 2019:

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak námskrá og	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Ekki til ytra mat á Leikskólanum YI

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
----------	--------------------------	-----------------	------------------	-----------

Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og námsaðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Viðfangsefni umbóta í kjölfar ytra mats er að bæta stöðuna kerfisbundið. Markmið Reykjahlíðarskóla er að flestir, helst allir þættir, samræmist fyllilega lýsingum um gæðastarf þegar umbótum verður lokið. Í kjölfar ytra mats var unnin [umbótaáætlun skólans til þriggja ára](#). Á skólaárunum 2019 - 2023 hefur verið unnið að umbótum samkvæmt þeirri áætlun og vorið 2023 lauk umbótum sem var staðfest af Menntamálastofnun.

Í skýrslu um innra mat í júní 2022 má sjá stöðu skólans gagnvart gæðaviðmiðum grunnskólastarfs og hvernig þau birtast í skólaprófil gagnvart sömu viðmiðum og í ytra mati. Ytra mat hefur ekki verið framkvæmt á Leikskólanum Yl.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skóla samfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga				

RAUTI - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Mikil endurskoðun fór fram á starfsháttum við innra mat skólustarfsins á skólaárinu 2019-2020 og sett upp skipulag fyrir kerfisbundið mat. Unnið er samkvæmt [langtímaáætlun skólans um innra mat](#). Þriðji kafli þessarar skýrslu er umbótaáætlun til þessa skólaárs sem tryggir stöðugar umbætur á starfinu í Reykjahlíðarskóla. Umbótaáætlun þessa skólaárs er með örlítið breyttu sniði frá fyrri umbótaáætlun.

Starfsáætlun um innra mat

Ársáætlun Reykjahlíðarskóla um innra mat kemur fram í [langtíma- og ársáætlun](#), þar sem markmið, viðmið, tímasetning og ábyrgð verkefna koma fram. Jafnt og þétt hefur verið unnið að þróun kennsluhátta en formleg námsvísagerð m.t.t. breyttra kennsluhátta er ekki hafin. Opinn fundur skólaráðs var haldinn. Kannanir voru lagðar fyrir foreldra, nemendur og starfsfólk um mat á skólastarfi. Gæðaráð fundaði einu sinni í viku og vann í innleiðingu gæðaviðmiða um nám og kennslu og öðrum umbótum frá ytra mati. Gæðaráðið fundaði einnig reglulega með ráðgjafa frá Ásgarði skólaráðgjöf.

Ákveðið var að innleiða leikskólann Yl inn í sömu starfsáætlun um innra mat. Markmiðin að fylgja áætlun, funda reglulega og setja saman skýrslu um innra mat gengu eftir.

Niðurstöður mats

Niðurstöður eru lagðar fram í þremur meginþáttum og hefur *skólabrag* sem tiltekinn er í langtímaáætlun verið skeytt inn í meginþáttinn *Nám og kennslu*.

1. Stjórnun og fagleg forysta-foreldrasamstarf
2. Nám og kennsla

Leitast hefur verið við að afla gagna með þeim hætti sem varpa hvað bestu ljósi á viðfangsefnin hverju sinni.

- [Starfsáætlun Reykjahlíðarskóla 2022-2023](#)
- [Starfsáætlun Leikskólans Yls 2021-2022](#)
- Fundargerðir kennara-, starfsmanna- og skólaráðsfunda, nýttar til að halda utan um ígrundun og umræður sem og að koma upplýsingum á framfæri
- Rafræn spurningakönnun til foreldra leik- og grunnskólans um ákveðna þætti í skólastarfinu sem meta átti skv. [umbótaáætlun](#)
- Rafrænar spurningakannanir voru tvisvar lagðar fyrir nemendur grunnskólans á árinu
- Rafræn spurningakönnun til starfsmanna um mat á ákveðnum þáttum í skólastarfinu sem meta átti skv. [umbótaáætlun](#)
- Skólaping þar sem nemendur fjölluðu afmælishátíð Reykjahlíðarskóla sem áætlað er að halda næsta haust.
- Starfsmannasamtöl (upplýsingar sem eru ekki trúnaðarmál)
- Vettvangsathuganir í kennslustundum - jafningjamat á kennslu

- Mat nefnda/skýrslur um [uppeldisstefnuna jákvæðan aga](#) og [grænfána- og heilsueflandi skólastarf](#) (nefndirnar voru sameinaðar í eina haustið 2021).
 - Matið sjálft fór þannig fram að matsteymi fór yfir öll gögn, ræddi niðurstöður og bar saman viðmiðin. Einnig voru rýnihópar kennara beðnir um að meta þættina *inntak og námskrá* og *gæði kennslu* skv. [gæðaviðmiðunum](#).
 - **RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
 - **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
 - **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
 - **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Nám og kennsla - Uppeldis- og menntastarf

Endurskoðun á markmiðum árangri náms og gæði kennslu fór fram á skólaárinu 2022-2023. Viðmið Reykjahlíðarskóla um nám og kennslu birtast í gæðaviðmiðum sem [má skoða hér](#). Viðmið fyrir uppeldis- og menntastarf leikskóla sem verða innleidd og metin skólaárið 2023-2024 [má skoða hér](#). Matsþátturinn var metinn út frá ítarlegri áætlun um nám og kennslu. Skólinn hefur nýtt [Matstæki um þróun skólastarfs](#) og gátlista Menntamálastofnunar um mat á kennslu.

Matsþættir umbótaáætlunar um nám og kennslu koma allir úr [umbótaáætlun í kjölfar ytra mats frá 2019](#). Tekin var ákvörðun um það að vori 2023 að halda áfram að vinna að umbótum eftir gæðaviðmiðum um nám og kennslu, skólaárið 2023-2024.

Markmið um umbætur veturinn 2022-2023 og niðurstaða

- Koma upp kerfisbundnu mati á gæðum náms og kennslu
 - Lagðar voru kannanir fyrir foreldra (x1), nemendur (x2) og starfsfólk (x1). Niðurstöður kannananna sýndu að langflestir eru ánægðir með skólastarfið í Reykjahlíðarskóla og leikskólanum YI. Markvisst hefur verið unnið að samþættingu námsgreina í leik- og grunnskólanum. Í ljós kom að nemendur og

Nám og kennsla	
Inntak og námskrá	Skipulag náms
Árangur náms	Námsvitund
Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka

Viðmið litakóða vegna mats á árangri má sjá á bls. 4

foreldrar eru meðvitaðir um nám og kennslu barna sinna. Einnig kom fram mikil ánægja með upplýsingaflæði skólans og komu kannanirnar í heild sinni vel út.

- Könnun á meðal nemanda sýndi að þeir upplifi að þeir fái tækifæri til að hafa áhrif á starf og aðbúnað skólans með setu í nefndum og ráðum og vikulegum bekkjarfundum. Nemendur eru meðvitaðir um sína ábyrgð í náminu en myndu vilja fá meiri fjölbreytni í valgreinum.
- Endurskoðun á skólanámskrá, námsvísunum og kennsluáætlanagerð í heild sinni
 - Byrjað var á að vinna að námsvísunum fyrir leik- og grunnskólann og samþætta kennslu skólanna
 - Í vor var byrjað á vinnu nýrrar skólastefnu Þingeyjarsveitar og fyrirhugað er mikið og öflugt samstarf milli skólanna
 - Bekkjarfundir voru reglulegir í öllum námshópum í leik- og grunnskólanum
- Haldin voru nemendastýrð foreldraviðtöl að hluta til á miðstigi. Áhersla verður lögð á að auka aðkomu nemenda og foreldra að markmiðssetningu í gegnum viðtölin.
- Unglingastig Reykjahlíðarskóla fór á seinni hluta skólaársins fjóra daga í viku í Þingeyjarskóla með umsjónarkennara. Nemendur og foreldrar voru mjög ánægðir með þessa tilhögun en mikilvægt er að huga að góðu samstarfi og samskiptum á báða bóga.
- Vináttu verkefni var innleitt í leikskólann og kynnt á yngsta stigi grunnskólans.

Stjórnun og fagleg forysta - foreldrasamstarf

1. Gögn sem nýtt voru til að máta við markmið og [gæðaviðmið um stjórnun og faglega forystu](#) voru heimasíða skólans, fundargerðir skólaráðsfunda, kennara- og starfsmannafunda, niðurstöður spurningalista, niðurstöður starfsþróunarsamtala sem ekki teljast trúnaðarmál og [mat á starfsáætlun](#).

2. Niðurstaða.

a. Foreldrakönnun

Almenn ánægja var hjá foreldrum leik- og grunnskólans um upplýsingagjöf frá stjórnanda í gegnum heimasíðu skólans og í fréttabréfum. Foreldrar voru nokkuð meðvitaðir um stefnu skólans og megináherslur skólustarfsins. Það kom fram að skólinn þurfi að upplýsa betur um þá stoðþjónustu sem skólinn býður upp á og þá samvinnu sem skólinn á við aðrar stofnanir í samfélaginu.

b. Starfsmannakönnun leik- og grunnskólans

Könnunin sýndi að starfsmenn eru almennt ánægðir í sinni vinnu, þeir upplifa góðan starfsanda og fá hvatningu í starfi. Niðurstöður sýndu jafnframt að starfsfólk upplifði ekki markviss samskipti við aðrar stofnanir/fyrirtæki á svæðinu og starfsfólk hafi ekki nægilega þekkingu á þá stoðþjónustu sem skólinn nýtir sér.

Stjórnun og fagleg forysta	
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting
Tengsl við foreldra og aðra í skóla samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna
Umbætur og innleiðingar breytinga	

Viðmið litakóða vegna mats á árangri má sjá á bls. 4

Sex þættir af sjö bera skýr merki um gæðastarf í skólanum, einn þáttur telst ljósgrænn. Ekki náðist að kalla skólaráðið saman eftir áætlun en mikil vinna er byrjuð í stefnumótun og skipulagi skólustarfs í sveitarfélaginu.

Helstu umbætur næsta árs:

- Endurskoðun á skólanámskrá, í samfloti við Þingeyjar- og Stórutjarnaskóla, þar á meðal stefnum og markmið með kennsluháttum
- Halda áfram vinnu að samþættingu náms
- Mat á kennslu verði fastur liður í skólustarfinu
- Efla tengsl skólanna og grenndarsamfélags enn frekar
- Kynning og umræða fari fram í skólasamfélaginu um skólaþróun og helstu þætti skólustarfsins
- Vinnulag og verklagsreglur í samstarfi skólans við skólaþjónustu (samnýtt skólaþjónusta í skólum sveitarfélagsins)
- Kynning á stefnu og verklagsreglum skólans gegn einelti, ofbeldi, félagslegri einangrun og farsældarlögum.
- Bæta upplýsingagjöf varðandi stoðþjónustu skólanna
- Efla samskipti/samstarf við fyrirtæki/stofnanir á svæðinu

Innra mat

Viðmið Reykjahlíðarskóla - [Innra mat](#)

Gögn sem nýtt voru til að máta við markmið og viðmið um innra mat voru fundargerðir, niðurstöður spurningalista, niðurstöður starfspróunarsamtala og [mat á starfsáætlun](#).

Áfram var unnið að því að þróa aðferðir við innra mat á skólastarfinu. Skerpa þarf á þeim leiðum sem hafa verið mótaðar. Kynna þarf mikilvægi innra mats fyrir skólaþróun og aðkomu alls skólasamfélagsins að því. Í kjölfar ytra mats 2019 hafa verið gerðar miklar umbætur á skipulagi, framkvæmd og umbótum í innra mati. Matsteymi er virkt og fundar reglulega þar sem allt starfsfólk er þátttakendur, leitað er til foreldra um skipulag og mat innan matsteymisins. Unnin var ný langtíma- og ársáætlun, markmið skólans eru metin reglulega með viðeigandi matstækjum. Samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er svo sett fram í þessari skýrslu sem er gerð árlega í lok hvers skólaárs.

Innra mats teymi skólans náði að framfylgja áætlun. Helsta áskorun teymisins er þó tímaskortur og skoða þarf hvort heppilegra sé að teymið komi sjaldnar saman í lengri tíma. Fylgja þarf eftir endurskoðun kannana og úrvinnslu þ.e. að koma niðurstöðum í orð.

Innra mat
Skipulag
Framkvæmd
Umbætur

Umbætur næsta árs

- Skólaráð sé betur virkjað
- Skólaráð taki meiri þátt í skipulagi á gerð kannana
- Innra mat nái með skýrum hætti yfir alla helstu þætti skólastarfsins
- Kynning á innra mati í skólasamfélaginu í þeim tilgangi að efla þátttöku allra
- Skólastjóri sé sýnilegur í skólastarfi og veiti starfsfólki endurgjöf á starf þeirra.
- Þróun góðrar skýrslu um innra mat fyrir bæði skólastig.

Viðmið litakóða vegna mats á árangri má sjá á bls. 4

Heildarniðurstaða innra mats í júní 2023 - myndræn

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga				

Viðmið litakóða vegna mats á árangri má sjá á bls. 4

Leikskólastig

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og námsaðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Í skýrslu eftir næsta vetur mun skólaprófill leikskólans taka á sig mynd.

Heildarniðurstaða: Stjórnendaskipti orðu við Reykjahlíðarskóla veturinn 2022-2023 þar sem nýr stjórnandi tók við tímabundið. Þá má alltaf búast við breytingum. Samkvæmt mati hafa nokkrir þættir orðið sterkari. Mikilvægt er að vinna að öllum þáttum markvisst en setja samt sem áður ákveðna þætti á oddinn fyrir hvert skólaár. Halda áfram með það sem gott er en sleppa og/eða endurskoða framkvæmd á því sem miður gengur. Efla þarf samstarf og aðkomu foreldra við skólastarfið og nám barna sinna auk þess sem efla þarf þátttöku nemenda í eigin námi og námsvitund bæði nemenda og foreldra. Halda þarf áfram með þróunarstarf er tengist samþættingu námsgreina á öllum aldurstigum og setja fram viðmið um árangur sem sýnilegur er nemendum og foreldrum. Efla þarf kennara í starfsþróun sinni og viðhalda góðu samstarfi milli starfsfólks skólanna og gefa þeim áfram svigrúm til samvinnu og faglegs samstarfs. Finna þarf leiðir til að matsteymi skólans fái tíma til að sinna mats-, umbóta- og aðhaldshlutverki sínu en tímaskortur er einn helsti veikleiki teymisins.

Umbótaáætlun skólaársins 2023 - 2024

Stjórnun og fagleg forysta							
Samvirkni í stefnumótun	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Skólanámskrá, stefna skólans	Að samræma skólanámskrá skólanna þriggja í sameinuðu sveitarfélagi, Reykjahlíðar-, Þingeyjar- og Stórutjarnaskóla.	Endurskoða stefnu skóla og skólanámskrár í heild sinni og tryggja að allir aðilar skólasamfélagsins eigi aðild að þeirri endurskoðun - sett í starfsáætlun skólaráðs (í samstarfi með Þingeyjar-og Stórutjarnaskóla).	Skólastjóri.	Ágúst 2022	Apríl 2024	Út frá viðmiðum og vísbendingum um skólanámskrá í matsramma um stjórnun og faglega forystu Mat á starfsáætlun 2024 þ.á.m. starfsáætlun skólaráðs.	Skólanámskrá uppfylli þau viðmið sem sett eru um skólanámskrá. Allir aðilar skólasamfélagsins hafi komið að endurskoðun.
Kennslufræðileg stefna	Að í skólanámskrá sé fjallað um markmið kennslufræðilegrar stefnu og útskýrt hvernig stefnan birtist í starfi skólans, s.s. hlutfall samþættingar	Við endurskoðun á stefnu skólans og skólanámskrá verði sérstök áhersla á samræðu um kennslufræðilega stefnu.	Skólastjóri.	Ágúst 2022	Apríl 2024	Rýnihópar - starfsmannafundur. Mat á starfsáætlun 2024 - var kennslufræðileg stefna skólans endurskoðuð?	Í skólanámskrá komi fram kennslufræðileg stefna skólans og viðmið skólans um kennsluhætti.

	námsgreina og skapandi vinna.						
Námsvísar og kennsluáætlanir	Að í námsvísium og kennsluáætlunum birtist kennslufræðileg stefna skólans.	Ákveða viðmið um <i>nám og kennslu</i> . Endurskoðun námsvísa og áætlanagerðar um nám og kennslu. Ákveða form á námsvísium og áætlanagerð.	Skólastjóri.	Ágúst 2022	Mars 2024	Rýnihópar - kennarar. Matsrammi: Viðmið og vísbendingar um <i>nám og kennslu</i> ; námsvísar og kennsluáætlanir unnar út frá þeim.	Stefna skólans birtist í námsvísium og kennsluáætlunum. Námsvísar uppfylli þau viðmið sem sett eru fyrir nám og kennslu 90%, sé dökkgrænt.
Faglegt samstarf og samræða	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Lærdóms-samfélag	Jafningjafraeðsla (kennari hjálpar kennara) fari fram a.m.k. einu sinni á önn.	Kennarar fá aðstoð við erfiðleika í starfi frá jafningjum. Deila og hjálpa.	Skólastjóri og kennarar.	Ágúst 2022	Apríl 2024	Mat á starfsáætlun 2023 - fengu allir kennarar aðstoð við erfiðleika sem þeir glíma við í skólastarfinu, jafnt smávægilega sem mikla.	Að kennari upplifi stuðning jafningja við erfiðleikum í skólastarfinu. Að kennsla færist nær 5. stigi skv. Matstæki um bróun skólastarfs (2018).
Lærdóms-samfélag	Jafningjamat kennara á kennslu fari fram a.m.k. einu sinni á önn.	Skipuleggja jafningjamat á kennslu í starfsáætlun - markviss ígrundun	Skólastjóri og kennarar.	Ágúst 2022	Apríl 2024	Metið með gátlista um mat á kennslu og Matstæki um bróun skólastarfs (2018) til hliðsjónar.	Að kennarar upplifi uppbyggjandi leiðsögn við að bæta kennsluhætti.

		þar sem starfsmenn læra hver með öðrum.				„Þrjár stjórnur, ein ósk“.	Að kennsla færist nær 5. stigi skv. Matstæki um þróun skólustarfs (2018).
Samræða og endurgjöf stjórnenda	Að mat skólustjóra á kennslu fari fram a.m.k. tvisvar á skólaári.	Skipuleggja mat skólustjóra á kennslu í starfsáætlun.	Skólustjóri.	Ágúst 2022	Apríl 2024	Metið með gátlista um mat á kennslu og Matstæki um þróun skólustarfs (2018) til hliðsjónar. „Þrjár stjórnur, ein ósk“. Starfsþróunarsamtöl.	Að kennarar upplifi uppbyggjandi leiðsögn við að bæta kennsluhætti. Að kennsla færist nær 5. stigi skv. Matstæki um þróun skólustarfs (2018).
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Tengsl við grenndarsamfélag	Efla tengsl skóla og grenndarsamfélags.	Opinn fundur skólaráðs haldinn - sett í starfsáætlun skólaráðs haust 2021 - til umræðu endurskoðanir á helstu áætlunum og stefnum m.a. um mat á skólustarfinu.	Skólustjóri.	Sept. 2022	Okt. 2024	Mat á starfsáætlun - fundir skólaráðs.	Að opinn fundur skólaráðs sé haldinn og fundargerð skráð.
Umbætur og innleiðing breytinga.	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur

Tilgangur og markmið þróunarstarfs	Áherslur og markmið breytingaferla séu skýrar - Að skólasamfélagið sé upplýst um tilgang og markmið þróunarstarfs.	Í fundaskipulagi: Að umræða fari fram um markmið með breytingum og ferli þeirra. Opinn fundur skólaráðs. Reglulegar fréttir af þróunarstarfi.	Skólastjóri.	Ágúst 2022	Júní 2024	Starfsþróunarsamtöl. Starfsmannakönnun. Foreldrakönnun/rýni-hópar. Nemendakönnun/rýnihópar. Fréttabréf. Kynningar.	Að skólasamfélagið telji sig mjög vel eða vel meðvitað um þá skólaþróun sem unnið er að í skólanum m.a. um þróun kennsluhátta.
Samstarf við skólaþjónustu	Nýta betur niðurstöður skimana og gögn um nemendur.	Að útbúnar verði verklagsreglur um vinnulag og tengsl við skólaþjónustu vegna niðurstaðna skimana og kannana.	Skólastjóri og skólaþjónusta.	Okt. 2023	Febr. 2024	Mat á starfsáætlun.	Verklagsreglur tilbúnar og skólasamfélagið þekkir þær. Óljóst er með hvaða hætti skólaþjónusta verður veturinn 2023-2024.
Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Stefna og verlag gegn einelti, ofbeldi og félagslegri einangrun	Skólasamfélagið þekki stefnu og verlag skólans gegn einelti.	Samstarf við foreldra um kynningu á stefnu og verklagsreglum gegn einelti/ofbeldi og félagslegri einangrun.	Skólastjóri.	Sept/okt 2022	Maí 2024	Foreldrakönnun. Starfsmannakönnun. Nemendakönnun.	90% svarenda þekki viðbragðsáætlun skólans og formlega leið til að tilkynna um einelti. Formleg leið sé nýtt þegar grunur vaknar um einelti.

Starfsmanna- stjórnun og verkaskipting	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur

Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skólanámskrá	Endurskoða skólanámskrá í heild (úr ytra mati) samræmt með Þingeyjar- og Stórutjarnaskóla.	Allir kaflar skólanámskrár teknir til endurskoðunar á fundum starfsmanna.	Skólastjóri.	Ágúst 2022	Mái 2024	Rýnihópar starfsmanna. Gátlisti um innihald skólanámskrár. Matslisti GGÓ; stoð 2; Framtíðarsýn og stefnumörkun.	Skólanámskrá endurskoðuð reglulega og uppfyllir kröfur aðalnámskrár, birt á heimasíðu skólans. GGÓ; Framtíðarsýn og stefnumörkun stig 5.

Lykilhæfni	Markviss þjálfun í samvinnu (úr ytra mati).	Leggja áherslu á lykilhæfnina í námsvísun/kennslu-áætlunum.	Skólastjóri og kennarar.	Haust 2022	Maí 2024	Viðmið um áherslu á lykilhæfni í námi og kennslu. GGÓ; stoð 4; Trú á eigin getu. Skólastjóra- og jafningjamat á kennslu.	Áhersla á lykilhæfni kemur fram í endurskoðuðum námsvísunum og kennsluáætlunum og birtist í námi nemenda. GGÓ; 5. stig.
Stærðfræði	Efla nám og kennslu í stærðfræði (úr ytra mati).	Aðferðir við stærðfræðikennslu séu endurskoðaðar.	Skólastjóri og kennarar.	Janúar 2023	Maí 2024	Rýnihópur GGÓ: stoð 3 og 4.	Endurskoðun á kennslu í stærðfræði.
Menntun fyrir alla	Námsaðlögun komi fram í námskrám (úr ytra mati).	Í námsvísun/kennsluáætlunum er skýrt hvernig unnið er að gæðamenntun fyrir alla nemendur. Starfsfólk fái stuðning við að framfylgja opinberri stefnu um menntun án aðgreiningar.	Skólastjóri og kennarar.	Okt 2022	Maí 2024	Stuðst við gátlista: sbr. þáttur í gátlista um mat á kennslu. Kennsluaðferðir og námsaðlögun. Viðmið og vísbendingar um gæði kennslu undir Nám og kennslu.	Í endurskoðuðum námsvísunum sé skýrt hvernig gæðamenntun fyrir alla er útfærð.
Árangur náms	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Námsmat	Gera grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvarða í skólanámskrá (úr ytra mati).	Gera lýsingu á námsmatsaðferðum skólans í skólanámskrá. Í kennsluáætlunum komi fram lýsing á matsaðferðum og völdum matsþáttum	Skólastjóri og kennarar.	Ágúst 2022	Maí 2024	Viðmið um hæfnimiðaða og einstaklingsmiðaða kennsluhætti. GGÓ; stoð 5; Námsmat	Í endurskoðaðri skólanámskrá sé lýsing á námsmatsaðferðum skólans og hvernig hæfnimiðað nám er metið.

		sem hæfa hæfniviðmiðum og kennsluáðferðum.					
Gæði kennslu	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skipulag náms	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samþætting námsgreina	Skólinn nýti sér samþættingu námsgreina á öllum aldurstigum til nýsköpunar í kennsluháttum (úr ytra mati).	Samþætting námsgreina birtist í námsvísun og kennsluáætlunum allra námshópa með áherslu á grunnþætti menntunar og lykilhæfni nemenda.	Skólastjóri og kennarar.	Ágúst 2022	Maí 2024	Endurskoðun námsvísa/ kennsluáætlana. Skólastjóra- og jafningjamat á kennslu.	Í námsvísun og kennsluáætlunum allra námshópa er nám skipulagt út frá samþættingu námsgreina í a.m.k. 60% hluta skólaárið 2022-2023. Áhersla á lykilhæfni og grunnþætti menntunar koma fram í námsvísun og kennsluáætlunum og birtist í námi nemenda.
Tengls við nærumhverfið, náttúru og samfélag	Nýta grenndarsamfélagið/nærumhv. enn betur (úr ytra mati).	Í námsvísun/ kennsluáætlunum komi fram áherslur á nærumhverfið og samstarf við samfélagið.	Skólastjóri og kennarar.	Haut 2022	Maí 2024	Endurskoðun námsvísa/ kennsluáætlana. Matstæki um þróun skólastarfs GGÓ og matslistar um mat á kennsluháttum.	Áhersla á grenndarnám kemur fram í endurskoðuðum námsvísun og kennsluáætlunum og birtist í námi nemenda.

		Grunnþættir menntunar séu leiðarljós.				Skólastjóra- og jafningjamat á kennslu.	Matstæki um þróun skólstarfs, stoðir 3 og 6 á 4. - 5. stigi.
Námsvitund	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Markmiðs-setning nemenda í námi	Koma ætti á markmiðssetningu í námi hjá öllum nemendum (úr ytra mati).	Nemendum kennt að setja sér markmið í námi. (Umsjónarkennarar verði með vikuleg markmiðssamtöl við alla umsjónarnemendur sína).	Kennarar.	Ágúst 2022	Mái 2024	Skv. viðmiðum og vísbendingum um námsvitund í matsramma um nám og kennslu.	Í endurskoðuðum námsvísium/ kennsluáætlunum er gert ráð fyrir að nemendur taki þátt í markmiðssetningu.
Ábyrgð og þátttaka	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Líðan nemenda og ábyrgð í skólstarfi	Bæta líðan og sjálfstraust.	Áhersla á lykilhæfni. Heildstæð viðfangsefni sem efla heilbrigði og velferð nemenda. Vikulegir bekkjarfundir markvisst nýttir til að styrkja sjálfsmýnd nemenda og samfélagslega ábyrgð.	Skólastjóri og kennarar.	Ágúst 2022	Júní 2024	Nemendakönnun. Nemendasamtöl. Skólalaping. Skv. viðmiðum og vísbendingum um ábyrgð og þátttöku í matsramma um nám og kennslu.	80-90% nemenda líði vel alls staðar í skólaumhverfinu. Í námsvísium og kennsluáætlunum birtist áhersla á lykilhæfni.

--	--	--	--	--	--	--	--

Innra mat							
Skipulag	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Matsrammar um alla helstu þætti skólastarfsins	Innra mat náí með skýrum hætti yfir alla helstu þætti skólastarfsins.	Innleiða viðmið og vísbendingar fyrir <i>nám og kennslu</i> . Yfirfara viðmið og vísbendingar fyrir innra mat og stjórnun og faglega forystu og setja upp gæðaviðmið á matslista (AKmódel) - bæði fyrir leik- og grunnskóla.	Skólastjóri og matsteymi.	Ágúst 2022 Byrja á viðmið-um um nám og kennslu.	Jan 2024	Rýnihópar - matsteymi. Fundagerðir.	Viðmið og vísbendingar um alla helstu þætti skólastarfsins liggja fyrir og hafi verið ræddir og kynntir í skólasamfélaginu.
Framkvæmd	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samstarf allra aðila skólasamfélagsins	Endurskoða vinnulag við undirbúning og fyrirlögn kannana á viðhorfum til skólans.	Virkja þarf enn betra samráð við skólaráð um skipulag og framkvæmd innra	Matsteymi.	Haut 2022	Mars 2024	Mat á starfsáætlun -fundargerðir skólaráðs: Um aðkomu hagsmunaaðila að	Fundargerðir skólaráðs sýni fram á að allir hagsmunaaðilar komi að skipulagi spurningakannana.

		mats til þess að tryggja aðkomu allra hagsmunaaðila. Gæta þarf betur að aðkomu fulltrúa þeirra hópa sem könnunum er beint til við undirbúning t.d. við gerð spurningakannana.				skipulagi spurningakannana.	
Umbætur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Þátttaka	Að allir í skólasamfélaginu séu þátttakendur í mati á skólstarfinu.	Kynna innra mat skólans (skipulag, framkvæmd og umbætur) í skólasamfélaginu. Á opnum fundi skólaráðs sé innra mat á dagskrá og m.a. samskiptaáætlun heimilis og skóla.	Skólastjóri.	Sept 2022	Maí 2024	Mat á starfsáætlun: - fundargerðir skólaráðs. Foreldrakönnun. Nemendakönnun. Starfsmannakönnun. Rýnihópar - skólaþing.	80-90% svarenda þekki til innra mats skólans og leiða til að koma sjónarmiðum á framfæri. Að innra mat sé tekið til umfjöllunar á opnum fundi skólaráðs.